

# Fundargerð

## 256.(ath nr) Stjórnarfundur Lagnafélags Íslands.

Stjórnarfundur LAFÍ haldinn þriðjudaginn 10. apríl 2018,  
að Draghálsi 14 til 16. Hjá Ísleifi Jónssyni ehf.

**Mættir:** Jón Sigurjónsson (JS), Hreggviður Á. Sigurðsson (HÁS), Þórður Ólafur Búason (ÞÓB), Kristján Ottósson (KO), Sigurður G. Símonarson (SGS)

**Forföll:** Högni Hróarsson (HH), Þórir Guðmundsson (ÞG), Kjartan Már Eiríksson (KME) og Birgir Hólm Ólafsson (BHÓ)

1. Formaður JS, setti fund kl 16:00.
  2. Fundargerð 255. (ath nr.) fundar 17. Janúar, 2018. Högni ritari sendi fundargerð til fundarmanna fyrir fundinn sem samþykkti.
  3. ÞÓB lagði fram tillögu Viðurkenningarnefndar um Marel hf. Austurhrauni 9 í Garðabæ, sem Lofsvert lagnaverk ársins 2017. KO greindi frá tillögu um tvo heiðursmenn sem yrðu nefndir við sama tækifæri. Samþykkt.
  4. Fréttabréf 132 er komið út, ýmsar umræður voru um efni Fréttabréfsins.
  5. Undirbúa aðalfund og boða. Samþykkt að hann verði ~~ca.26. Apríl~~ 10.-15. maí, 2018 (JS, KO, ÞÓB).
  6. „Í dag ber enginn ábirgð á Lokafrágangi lagnakerfa, samvirkni tækja“ hvernig gengur undirbúningurinn? Vegna fjarveru ÞG var umræða á fundinum fyrst og fremst um hvernig túlka megi núverandi orðalag í byggingalögum, en umræða bíður næsta fundar.
  7. Eru miðstöðvarofnar ekki rétt reiknaðir út? Grein HÁS í LF132 þykir greina ástandið vel auk umfjöllunar JS f.h. Staðlaráðs sbr. meðf. orðs. JS. með fundarboði.
- 15.12. 2016 tók gildi nýr endurskoðaður staðall ÍST 69, Umreikningur á varmagjöf ofna, 2. útgáfa.
- Staðallinn er fylgistaðall með evrópska staðlinum ÍST EN 442 og setur skýrar reiknireglur um hvernig skal ákvarða varmagjöf ofna við íslenskar aðstæður. Vinnuhópurinn sem vann að 2. útgáfu var: Árni Ragnarsson Ísor, Oddur B. Björnsson Verkís, Arngrímur Blöndal BSTR Kv Jón S.
8. Önnur mál voru engin.

Fundi slitið 17:00. Fundarritari var ÞÓB